



Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um þjónustu við börn með tal- og málþroskavanda - R18080195

Lagt fram á fundi borgarráðs 30. ágúst 2018: Fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um þjónustu við börn með tal- og málþroskavanda.

Hver er núverandi staða í Reykjavík er varðar þjónustu við börn með tal- og málþroskavanda? Hvað mörg börn eru á biðlista eftir þjónustu talmeinafræðings í leikskólum borgarinnar? Hvað mörg börn eru á biðlista eftir þjónustu talmeinafræðings í grunnskólum?

Umsögn:

Fyrirkomulag talmeinaþjónustu í Reykjavík hefur verið með nokkrum hætti.

Í leikskólum hefur verktaki séð um greiningar alvarlegustu tilfella þar til nú í haust en nú hafa verið ráðnir 5 talmeinafræðingar sem sinna ábyrgðarhlut sveitarfélagsins í leikskólum og í fyrsta bekk í grunnskóla. Þessi þjónusta er staðsett hjá skólaþjónustunni. Í grunnskólum var hætt með miðlæga talkennara/talmeinafræðinga árið 2002 og hver grunnskóli réði til sín talkennara/talmeinafræðinga í stöðuhlutfall sem hentaði skólanum. Talmeinaþjónusta í grunnskólum er með sama skipulagi og almenn sérkennsla í skólum og því ekki eitt af þeim verkefnum sem skólaþjónustan sinnir í umboði skóla- og frístundasviðs og hefur skólaþjónustan því ekki yfirlit yfir framkvæmd talmeinaþjónustu í grunnskólum. Undantekning er Grafarvogur og Kjalarnes en þar hefur verið rekið samstarfs- og þróunarverkefni á milli grunnskóla, leikskóla og þjónustumiðstöðvar um talmeinaþjónustu í leik- og grunnskólum.

Eftirfarandi eru tölur um börn á biðlista sem skólaþjónustan hefur á takteinum:

Þjónustumiðstöð Breiðholts: 9 börn á bið eftir athugun talmeinafræðings. Bið er stutt - innan við 2 mánuðir.

Þjónustumiðstöð Árbæjar- og Grafarholts: 9 börn á bið eftir athugun talmeinafræðings. Bið er stutt - 0-2 mánuðir.

Þjónustumiðstöð Laugardals- og Háaleitis: 9 börn á bið eftir athugun talmeinafræðings. Bið er stutt - 0-1 mánuðir.

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða: 8 börn eru á bið eftir athugun talmeinafræðings. Bið er stutt - 0-1 mánuðir.

Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness (Miðgarður): 9 börn á bið eftir athugun talmeinafræðings í leikskóla en 15 í grunnskóla. Bið er stutt- 1-2 mánuðir. Um 70 börn eru á bið eftir þjálfun hjá talmeinafræðingi í kjölfar greiningar. Bið eftir þjálfun getur verið misjafnlega löng en er aldrei lengri en 3-4 mánuðir.

Skóla- og frístundasvið er með þjónustu talmeinafræðinga í leik- og grunnskólum í forgangi og í vetur verður rætt við skólastjóra grunnskóla hvernig þjónusta á grunnskóla á þessu sviði verði gerð sem best.

Virðingarfyllst



Helgi Grímson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs